

## **7. fundur stjórnar AP**, starfsárið 2012-2013

haldinn á veitingahúsinu Gamla Bauk á Húsavík þriðjudaginn 7. maí 2013 kl. 12:00.

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Friðrik Sigurðsson, Margrét Bjarnadóttir og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Jóna Matthíasdóttir starfsmaður félagsins.

Áður en fundur hófst snæddu stjórn og starfsmenn hádegisverð – Haukamýrarbleikju – sem bragðaðist með mestu ágætum.

Formaður, Sigurgeir Höskuldsson, setti fund og stjórnaði honum.

### **1. Undirbúningur aðalfundar**

Farið yfir framkvæmd aðalfundar og þær tillögur sem stjórn mun leggja fyrir fundinn sem hefst kl. 14:00

- Samþykkt að leggja til að fundarstjóri verði Bergur Elías Ágústsson bæjarstjóri Norðurþings
- Samþykkt að leggja til að fundarritari verði Jóna Matthíasdóttir starfsmaður AP
- Samþykkt að leggja til að þóknun stjórnar verði óbreytt frá fyrra ári, kr. 10.519 fyrir fund og að formaður fái 50% álag.
- Samþykkt að leggja til við aðalfund að stjórn félagsins fái heimild til að leita eftir verðtilboðum í endurskoðun fyrir félagið.

### **2. Hvatningarverðlaun AP 2013**

Samþykkt að veita Fiskeldinu Haukamýri ehf. hvatningarverðlaun félagsins að þessu sinni fyrir þrautseigju og útsjónarsemi við uppbyggingu mikilvægrar framleiðslustarfsemi í héraðinu.

### **3. Önnur mál**

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hugmyndum sem honum hafa verið kynntar sem áhugaaðilar á Austurlandi eru að vinna að varðandi lagningu hálendisveggar frá Nýjadal og norðan Vatnajökuls með tengingu inná núverandi Kárahnjúkaveg. Þeir vilja kanna áhuga á þessu svæði fyrir þátttöku í verkefninu sem verði þá skilgreint þannig að jafnframt verði um að ræða vegtengingu inná núverandi þjóðvegakerfi hér á svæðinu. Gert er ráð fyrir því að halda fund með lykilaðilum hér að svæðinu fljótlega þar sem hugmyndirnar yrðu kynntar frekar.

Stjórnin samþykkir að félagið taki þátt í kynningu og frekari skoðun á þessum hugmyndum.

- b) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að hann hefði verið kosinn í stjórn Sparisjóðs S-Pingeyinga á aðalfundi sjóðsins þann 6. maí sl. Stjórn gerir ekki athugasemd við það enda gert ráð fyrir lengdum og óreglulegum vinnutíma í ráðningarsamningi framkvæmdastjóra.



AP-12/13-7

- c) Fyrir liggur að Friðrik Sigurðsson mun hverfa úr stjórn félagsins á aðalfundinum þar sem stjórn Samtaka atvinnurekenda á Norðausturlandi – SANA – hefur tilnefnt annan fulltrúa til stjórnarsetu. Voru Friðriki færðar þakkir samstjórnarmanna fyrir samstarfið í stjórninni.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:30